

Nd.

347. Tillaga

til þingsályktunar um rýmkun landhelginnar.

Flutningsm.: Pjetur Oltesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislinuna breytt þannig, að lún verði færð út og landhelgissvæðið nái yfir alla firði og flóa og helstu bátamið.

Greinargerð.

Eitt af því, sem brýnasta nauðsyn ber til að unnið sje að og einskis látið ófreistað til að koma í framkvæmd, er að fá landhelgina rýmkaða.

Takist það á þann hátt, sem í tillögunni greinir, er í fyrsta lagi sá útvegurinn, sem landsmönnum er notadrýgstur, bátaútvegurinn, fullkomlega trygður, og í öðru lagi mjög stemt sligu fyrir þeirri eyðileggingu og tortýming ungfiskjarins, sem nú, með siauknum botnvörpuveiðum, horfir til beinnar eyðileggingar á fiskveiðum hjer við land í framtíðinni. Nánari greinargerð í framsögu.